



Einelti í leikskólum

Stuðningur leikskólakennara við vináttu og samkennd leikskólabarna

Arndís Anna Jakobsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Deild kennslu- og menntunarfræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Einelti í leikskólum

Stuðningur leikskólakennara við vináttu og samkennd leikskólabarna

Arndís Anna Jakobsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í Leikskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Sara Margrét Ólafsdóttir

Deild kennslu- og menntunarfræði

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

September 2021

Einelti í leikskólum

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs
í leikskólakennarafræði við deild kennslu- og menntunarfræði,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Arndís Anna Jakobsdóttir 2021

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Verkefni þetta er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed. gráðu í Leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands. Markmið þessa verkefnis var að skoða rannsóknir sem tengjast einelti í leikskólum en tilgangur þess var að finna leiðir svo leikskólakennarar geti betur stutt við börn svo þau upplifi að þau tilheyri samfélagi leikskólans. Unnið var með fjölbreyttar heimildir þar á meðal ritrýndar fræðiheimildir og bæklinga sem tengjast einelti, einelti í leikskólum og að tilheyra. Þar sem nú orðið er meira um heimildir tengdar þessu efni en ég skoðaði hvaða leiðir leikskólakennarar geta farið í forvörnum við eineltishegðun í leikskólum. Niðurstaðan er sú að leikskólakennarar geta unnið með barnahópinn sem eina heild og stutt við vináttu barna og samvinnu, skoðað barnabækur sem tengjast einelti og stutt börn svo þau upplifi að þau tilheyri samfélagi leikskólans.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	5
1 Inngangur	6
2 Að tilheyra	7
3 Hvað er einelti?	9
3.1 Polandi	9
3.2 Gerandi	10
3.3 Áhorfandi	11
3.4 Rannsóknir á einelti	11
3.5 Helstu birtingamyndir eineltis	12
3.6 Einelti í leikskólum	13
4 Forvarnir	15
4.1 Hlutverk fullorðinna í forvörnum	15
4.2 Vinátta leikskólabarna	16
4.2.1 Vinátta – Forvarnarverkefni	17
4.3 Samvinnuleikir	18
4.3.1 Fallhlífin	19
4.3.2 Fallhlífasöngur	19
4.3.3 Húsaleikur/ Bátaleikur	19
4.4 Barnabækur	20
<i>Valli á enga vini</i>	20
<i>Nóra</i>	20
<i>Má ég vera memm?</i>	20
<i>Birta brött og bleik</i>	20
<i>Skrímclin í Hraunlandi: saga um vináttu</i>	20
<i>Láttu mig í friði</i>	20
5 Umræður	21
6 Lokaorð	23
Heimildaskrá	24

Formáli

Árið 2014 byrjaði ég að vinna í leikskóla og ákvað að hefja nám í leikskólakennarafræðum árið 2015. Eftir að ég byrjaði í náminu og tók námskeiðið Einelti – leiðir til lausna og fékk strax áhuga á að verða kennari sem stöðvar einelti og að byrja að vinna snemma í forvörnum gegn einelti. Þar sem ég hafði mikinn áhuga á eineltis málum í leikskóla langaði mig til að skrifa um viðfangsefnið og ákvað ég að taka það fyrir sem 10 eininga lokaritgerð til B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands.

Ég vil þakka fjölskyldu minni fyrir stuðninginn og hvatninguna í gegnum skrifin auk þess vil ég þakka leiðsagnakennaranum mínum, Söru Margréti Ólafsdóttur fyrir faglegu leiðsögnina og stuðninginn í gegnum ritgerðina.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf(ur) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 11. september 2021

_____Arndís Anna Jakobsdóttir_____

1 Inngangur

Því miður er það algengt að ungmenni lenda í einelti einhvern tímann á skólagöngu sinni og getur slík upplifun haft langvarandi neikvæð áhrif á andlega heilsu þeirra hvort sem um ræðir þolendur, gerendur eða áhorfendur. Talið er að 2-4 nemendur í hverjum bekk frá 4. – 7. bekk lendi í einelti (Þorlákur H. Helgason, 2013) en einelti á sér ekki einungis stað í grunnskólum heldur einnig í leikskólum. Börn byrja að mynda vinatengsl í leikskólum og skiptir það miklu máli að aðstoða börn sem eiga í erfiðleikum með að tengjast öðrum og geta þá orðið líkleg til að verða þolendur og gerendur í framtíðinni. Það að eiga góðan og traustan vin skiptir sköpum fyrir börn á öllum aldri auk þess að börn upplifi tilfinninguna að þau tilheyri hópnum og gera þau því allt til að passa inn í hópinn og finna vini (Íris Ingþórsdóttir, 2008).

Einelti er hugtak sem hefur lengi verið vitað um og hefur verið unnið með í langan tíma, auk þess að vitað er hvaða afleiðingar einelti hefur á börn en þrátt fyrir það er enn þann dag í dag of mörg börn sem lenda í því. Áður fyrr var talið að einelti væri bara meðal barna á grunnskólaaldri en núna er farið að rannsaka meira eineltishegðun barna á leikskólaaldri. Það hefur komið í ljós að börn byrja að sýna eineltishegðun mun fyrr en á grunnskólaaldri og því mikilvægt að tala um einelti í leikskólum og hvaða leiðir er hægt að vinna með börnum til að koma í veg fyrir að slík hegðun komist í alvarlegri atvik sem er þá erfitt að stöðva (Olweus, 1993).

Einelti er hegðun og félagslegt vandamál sem erfitt er að uppræta nema ef byrjað er að vinna strax með allan hópinn til að allir nemendur upplifi sig tilheyra hópnum og að allir hafa vini sem styðja þau í gegnum erfiði sem gætu komið upp (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014).

„Börn byrja að sýna eineltishegðun um þriggja ára aldur“ er setning sem Vanda Sigurgeirsdóttir sagði í námskeiði sem ég tók og hefur þessi setning setið í mér síðan. Ég vissi að einelti væri til staðar í grunnskólum en datt ekki í hug að börn byrji svona ung að sýna slíka hegðun og er það ástæðan fyrir að ég valdi að skrifa um einelti í leikskólum og hvaða leiðir eru til staðar fyrir starfsfólk að vinna með slíka hegðun þegar hún kemur upp meðal barnanna í leikskólanum.

Gerðar hafa verið mun fleiri rannsóknir um eineltishegðun í grunnskólum en leikskólum en þó eru til einhver verkfæri fyrir starfsfólk leikskóla að vinna með börnum, foreldrum og samstarfsfólki. Því er mikilvægt að skoða betur hvernig einelti getur myndast í leikskólum og hvernig koma megi í veg fyrir það. Í þessu verkefni mun ég styðjast við rannsóknarspurninguna: Hvernig geta leikskólakennarar stutt leikskólabörn svo þau upplifi að þau tilheyri samfélagi leikskólans?

2 Að tilheyra

Að tilheyra hópi eða vera samþykktur inn í hóp er grunnþörf fólks almennt og á það einnig við um leikskólabörn. Börn byrja að mynda ný jafningjasamskipti og vináttu þegar þau byrja í leikskóla og því er mikilvægt að kennarar séu til staðar fyrir börn sem eiga í erfiðleikum félagslega eða sem eru af erlendum uppruna. Börn sem koma af erlendum uppruna kunna íslenska málið yfirleitt ekki eins vel og börnin sem hafa alist upp á Íslandi strax frá upphafi auk þess hafa börn með erlendan bakgrunn ekki verið eins lengi á leikskóla eins og íslensku mælandi börnin. Mismunur á tungumálakunnáttu leiðir til valdaójafnvægis milli jafningja og er því stuðningur fullorðinna mikilvægur til að styðja við bakið á börnum sem eru í erfiðleikum með tungumálið, slíkur stuðningur getur verið t.d. að hlusta á og túlka ómunnlegu samskipti barnsins og að aðstoða þau við að útskýra skoðanir sínar (Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2021).

Rannsóknir Söru M. Ólafsdóttur og Jóhönnu Einarsdóttur (2021) sýna að samskipti milli jafningja geta verið óstöðug þ.e. að börn geti leikið saman eina mínútuna en svo getur leikurinn breyst og barn er útilokað frá leiknum án fyrirvara. Fram hefur komið að börn nota mismunandi aðferðir til að leyfa sumum börnum að vera með í leiknum en útiloka önnur börn frá leiknum (Sara M. Ólafsdóttir o.fl 2017; Karlsudd, 2021).

Leikskólabörnum finnast þau tilheyra hópnum í gegnum leikinn vegna þess að leikurinn er mikilvægur fyrir þau til þess að eignast vini, auk þess er leikur það sem börnum þykir yfirleitt skemmtilegast að gera í leikskólanum. Ef að börn eru spurð hvað eru vinir eða hvað er skemmtilegast í leikskólanum er svarið í flestum tilfellum að vinir eru þeir sem leika saman og að það sem er skemmtilegast er að leika við vini sína. Í gegnum leikinn fá börn grunnfærni í að leysa vandamál, sköpunargáfa þeirra fær að njóta sín, þau öðlast meiri samkennd auk þess að sjálfsmynd og forvitni þeirra eykst (Sara M. Ólafsdóttir o.fl., 2017).

Rannsóknir hafa sýnt að reglur sem kennarar setja í leikskólanum eru reglur sem börn fylgja en í mörgum tilfellum skora þau einnig á reglurnar því þá finnst þeim þau vera að ná meiri stjórn á eigin lífi. Einnig geta börnin notað reglurnar til að útiloka önnur börn frá leiknum, það er gert t.d. með því að leyfa ákveðnum einstaklingi að vera ekki með því það mega bara vera tveir eða fjórir að leika sér saman í þessu rými. Slíkar reglur geta haft það í för með sér að börnin leyfa ákveðnu barni að vera með en annað barn er útilokað, börnin geta því nýtt sér reglurnar sem kennarar setja til að fá sínu framgengt (Sara M. Ólafsdóttir o.fl., 2017).

Börn hafa skýrar hugmyndir um þeirra eigin stöðu og vald í leiknum og nota þá margskonar aðferðir til að leyfa einstökum börnum að vera með í leiknum á meðan þau útiloka önnur börn, það gera þau til að vernda leikumhverfið sitt því mismunandi hlutverk

breyta leiknum sem nú þegar er í gangi (Corsaro, 2003). Þessar leiðir sem börn fara til að útiloka er t.d. með því að segja að þú verðir að eiga kött, sverð eða hvað annað sem þeim dettur í hug til að fá að vera með í leiknum. Rannsóknir hafa sýnt að stelpur eru líklegri til að nota óbeinar aðferðir til að útiloka börn frá leik líkt og líkamlegar hreyfingar, svipbrigði, slúður, hundsun eða munnlegar athugasemdir eins og „þú vilt ekki leika við hann/ hana er það ekki?“ á meðan strákar eru líklegri til að nota beinni aðferðir. Beinu aðferðirnar eru t.d. að skipa öðrum fyrir „þú mátt ekki leika við hann/ hana“ og verða ógnandi og meiða aðra ef ekki er farið eftir óskum þeirra (Fanger, o.fl., 2012).

Reglurnar sem kennarar setja í leikskólanum þurfa að hafa tilgang fyrir bæði starfið og börnin og þarf að passa það að reglurnar stangist ekki á hvor við aðra. Ef ein reglan er þannig að það má bara vera ákveðinn fjöldi í ákveðnu rými en önnur regla er þannig að það má ekki skilja útundan þá þarf að passa það að börnin byrji ekki að nota reglurnar eftir því sem þeim hentar til að leyfa sumum börnum að vera með en öðrum ekki. Kennarar þurfa að vera vakandi fyrir reglum barna þar sem reglur gerðar til að útiloka aðra eru oftast dular og taka því kennarar ekki alltaf eftir því að börn nýta reglurnar sér í hag í því skyni að bjóða ákveðnum börnum til leiks og útiloka ákveðin börn frá leiknum (Sara M. Ólafsdóttir o.fl., 2017).

Með því að styðja við börnin sem þurfa á því að halda og með því að fylgjast vel með hvernig börnin eru í jafningjahópnum t.d. hvort þau útiloki einhver börn eða leyfi öllum að vera með, en það getur skipt sköpum fyrir barnið því með þessum stuðningi er grunnþörf barnsins að tilheyra hópnum náð (Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2021). Það versta sem börnin upplifa í leikskólanum er að vera útilokuð frá leik. Börn sem tilheyra ekki hópnum og finna sig ekki í samfélagi leikskólans eru einmana og upplifa sjálf sig sem einskis virði þar sem þau eru útilokuð frá hópnum sem er form eineltis (Osterman, 2000).

3 Hvað er einelti?

Einfaldasta útskýringin á orðinu einelti og hvað einelti er er þessi: Einelti er ítrekað og til lengri tíma neikvæð valdaójöfn hegðun frá einum eða fleiri aðilum gegn þolanda til að skapa vanlíðan (Olweus, 1993). Einelti er hver sú athöfn sem veldur, eða er gerð til að valda, öðrum börnum skaða eða óþægindi vísitandi og er það oftast vel falið og hefur jafnvel viðgengist í langan tíma ef ekki nokkur ár. Vegna þessa er mikilvægt að fylgjast með hvort um einelti sé að ræða eða samskiptavanda. Oft er fólk ekki sammála um hvort að um einelti sé að ræða vegna þess að þolandi svarar fyrir sig. Samskiptavandi er þegar báðir aðilar eiga í lélegum samskiptum við hvorn annan á meðan að einelti er þegar samskiptin fara á móti einum aðila í sífellu. Það þarf að gæta vel að samskiptavandanum líka þar sem að samskiptavandi getur leitt til eineltis (Sóley D. Davíðsdóttir, 2004; Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir, 2017).

Í handbókinni Ofbeldi gegn börnum er góð lýsing á hvað felst í orðinu einelti:

Einelti er niðurlægjandi áreiti eða ofbeldi, andlegt eða líkamlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að einstaklingi sem tekst ekki að verja sig. Einelti felur í sér að einstaklingur er tekinn fyrir með síendurtekinni stríðni, látbragði, niðrandi ummælum og sögusögnum, andlegri kúgun og hótunum af ýmsu tagi, líkamlegri misbeitingu, félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun (Guðrún Kristinsdóttir og Nanna K. Christiansen, 2014, bls. 34)

Talað er um þrjú hlutverk sem einstaklingar geta tekið sér þegar um einelti er að ræða þ.e. að vera þolandi, gerandi eða áhorfandi. Í þessum kafla mun ég fara yfir hugtökin þolandi, gerandi og áhorfandi auk þess að fara yfir skilgreiningar á einelti, hverjar eru helstu birtingarmyndir eineltis og eineltishegðun leikskólabarna.

3.1 Þolandi

Einfaldasta útskýring á orðinu þolandi er eftirfarandi; þolandi er sá einstaklingur sem er tekin fyrir í einelti af einum eða fleirum öðrum einstaklingi/um. Það er misjafnt hvaða börn eru tekin fyrir af gerendum en hver skildi vera ástæðan fyrir því? Þessari spurningu er ekki auðsvarað vegna þess að oft á tíðum hefur því verið haldið fram að útlit eða menning hefur mest um það að segja en rannsóknir sanna að svo sé ekki, en hvað er það þá sem gerendur sækjast í (Olweus, 1993).

Rannsóknir sýna að hægt er að skipta þolendum í tvo hópa út frá einkennum þeirra. Annar hópurinn hefur eftirfarandi einkenni; að vera hlédrægari, varkárari, óöruggari, viðkvæmari, hljóðlátari og kvíðnari en önnur börn og bregðast oft við stríðni eða annars konar áreiti með því að verða sár eða leið, fara að gráta eða draga sig til hlés (Olweus, 1993). Hinn hópurinn hefur þau einkenni að vera ögrandi, eiga í félagslegum erfiðleikum, geta ekki lesið í félagslegar aðstæður og eru jafnvel að gera eitthvað sem pirrar hin börnin án þess að átta sig á því. Þessi börn eru líklegri til að fara á móti gerendum og þar af leiðandi fá þau skammir fyrir að svara fyrir sig og fullorðnir geta litið svo á að ekki sé um einelti að ræða vegna þess að þolandi svarar fyrir sig. Hins vegar getur þolandinn litið svo á það sem einu lausnina en það getur verið vegna lélegrar félagslegrar getu hans.

Með þessum viðbrögðum fá gerendur það sem þeir eru yfirleitt að sækjast eftir sem er nokkurs konar skemmtun eða sýning. Þegar gerendur fá slík viðbrögð frá þolendum og jafnvel hlátur eða annars konar viðbrögð frá áhorfendum er líklegra að gerendur sæki aftur í þennan sama einstakling til að fá aftur sömu viðbrögð bæði frá þolanda og áhorfendum (Alfa Aradóttir o.fl., 2017; Sóley D. Davíðsdóttir, 2004).

3.2 Gerandi

Gerandi er almennt eitt barn eða hópur barna sem að tekur einn einstakling fyrir til þess eins að valda honum vanlíðan (Olweus, 1993).

Rannsóknir fræðimanna sýna að gerendur í eineltismálum eru oft árásarhneigðari, hvatvísari, sýna mótþróa og gengur verr í skóla en öðrum börnum. Auk þess hafa gerendur í einhverjum tilfellum lakari stjórn á tilfinningum sínum, sýna einbeitingarskort og þjást frekar af þunglyndi. En oftast nær eru gerendur annað hvort með slaka félagsfærni eða góða. Annars vegar, gerir slök félagsfærni það að verkum að barnið á erfitt með eignast vini og að viðhalda jákvæðum vinasamböndum og hins vegar gerir það börnum með góða félagsfærni kleift að stjórna og stýra öðrum. Einelti er ein leið sem þessir einstaklingar fara til þess að ná fram markmiðum sínum sem er meðal annars að ná góðri stöðu og völdum innan hópsins hvort sem um ræðir bekk, deild eða íþróttalið (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014).

Rannsóknir sýna einnig að annar hópur gerenda er ögrandi og hávær. Þeir eru líklegri til að vera ögrandi við aðra til að bæta þeirra eigin stöðu innan hópsins. Þau nota ögrandi hegðun til að fá aðra á móti sér og nota svo þeirra viðbrögð til að fá kennara til að tala við þau um þeirra hegðun. Það getur því verið þeirra ávinningur að segja að þau fengu það sem var ætlunin með því að vera að ögra barninu sem endaði á að koma á móti þeim þegar þau voru búin að fá nóg af geranda (Helgesen, 2021).

Mikilvægt er að aðstoða gerendur ásamt þolendum þar sem einelti hefur einnig langvarandi áhrif á þá. Það eru til dæmis auknar líkur á hegðunarsvandamálum, slæmum viðhorfum til skóla, kynferðislegu áreiti, ofbeldi í samböndum, áfengis- og vímuefnaneysla, nota harkalegar uppeldisaðferðir á sín börn og að verða sakfelldir fyrir glæpi eftir grunnskólagönguna (Alfa Aradóttir o.fl., 2017; Sóley D. Davíðsdóttir, 2004). Olweus gerði rannsókn 2011 þar sem kom í ljós að 55% þeirra sem voru gerendur snemma á unglingsárum höfðu á aldrinum 16 - 25 ára verið sakfelldir fyrir að minnsta kosti einn glæp en 36% þeirra fyrir þrjá eða fleiri (Alfa Aradóttir o.fl., 2017; Sóley D. Davíðsdóttir, 2004).

3.3 Áhorfandi

Rannsóknir sýna að í einelti eru áhorfendur til staðar í 85-88% tilfella en áhorfendur taki ekki virkan þátt í eineltinu gegn þolanda heldur fylgist þeir einungis með gerendum. Þessi áhorf og þeirra nærvera ýtir undir að gerendur haldi áfram (Alfa Aradóttir o.fl., 2017; Sóley D. Davíðsdóttir, 2004).

Þolendur hafa komið fram og sagt að þessir áhorfendur ýti undir þeirra vanlíðan þar sem það er mjög sárt að upplifa að enginn sé til staðar til þess að hjálpa þeim, það sé meiri niðurlæging og félagsleg einangrun (Sóley D. Davíðsdóttir, 2004).

Mikilvægt er að fá áhorfendur til þess að stoppa einelti en rannsóknir hafa sýnt að ef áhorfendur reyna að stöðva einelti tekst þeim það í helmingi tilfella á innan við 10 sekúndum og ef að þolendur hafa einn eða fleiri félagar sem getur varið þá gegn gerendum þá verða áhrifin ekki eins alvarleg fyrir þolendur (Alfa Aradóttir o.fl., 2017; Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir, 2017).

3.4 Rannsóknir á einelti

Fræðimenn eru sammála um það að einelti sé félagslegt vandamál og tengist því hópnum í heild en ekki ákveðnum einstaklingum sem tengjast eineltinu beint líkt og þolendum og gerendum (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að þar sem skólabragur og góð samheldni í hópnum er í góðu lagi er minna um einelti og því er mikilvægt að aðstoða börn til að mynda góðan skólabrag (Guðrún Kristinsdóttir og Nanna K. Christiansen, 2014). Auk þess hefur verið rannsakað hvar einelti á sér oftast stað innan skóladagsins og er það þar sem kennarar sjá ekki til t.d. á leið í skólann, í frítíma á skólatíma og á leið heim frá skólanum (Olweus, 1993), sem sýnir að þéttleiki í frímínútum og matarhléum skiptir miklu máli til að koma í veg fyrir einelti með þessu er meint að það þarf að passa að nóg sé af fullorðnum í gæslu (Olweus, 1993).

Dan Olweus rannsakaði einelti í um 40 ár og hefur hann komist að miklu um einelti og hvað veldur því (Olweus-gruppen mot mobbing, 2010). Hann komst að því að nemendur sem höfðu verið lagðir í einelti á einum tímapunkti í þeirra lífi væru gjarnir á að lenda í því aftur seinna á ævinni. Einnig höfðu börn sem áttu það til að vera árásgjörn gagnvart jafnöldrum eða öðrum samnemendum á yngri árum áttu það til að vera það einnig á seinni árum (Olweus, 1993). Auk þess hefur hann rannsakað ýmsar sögusagnir um einelti en hann komst að því að þær væru ekki sannar. Meðal þessara sagna eru t.d. að stærðir skóla og bekkjardeilda skipta máli þegar unnið er með einelti og einnig hefur verið talað um að ytri frávik skipti máli t.d. offita, rautt hár, skakkar tennur, menningarför eða húðlitur skapi vandamál milli gerenda og þolenda. Olweus (1993) komst að því að þrátt fyrir að gerendur nota oft útlit eða annað á móti þolendum þá er það ekki ástæðan fyrir eineltinu.

Hvað er það sem veldur því að einelti geti verið lengi að komast upp? Dan Olweus talar um að hvorki þolendur né áhorfendur þori að segja frá eineltis málum og fyrir því geti verið margs konar ástæður. Meðal þess er að áhorfendur óttist að verða sjálf fyrir gerendum, þolendur kenni sjálfum sér um og vilja frekar fela eineltið, haldi að eineltið verði verra við að „kjafta“ frá eða að þau hafi ekki trú á því að einhver geti aðstoðað eða stöðvað eineltið (Olweus, 1993). Einelti hefur átta birtingarmyndir sem ég mun fjalla um hér á eftir auk þess mun ég fjalla um birtingarmyndir eineltis í leikskólum.

3.5 Helstu birtingarmyndir eineltis

Birtingarmyndirnar eineltis eru mismunandi en talað er um að þær séu sex. Þær eru eftirfarandi: *Munnlegt einelti* sem felur í sér t.d. uppnefni, stríðni og niðrandi athugasemdir. *Félagslegt einelti* er þegar barn er skilið útundan, fær til dæmis ekki að koma í afmæli eða aðrar samkomur. *Efnislegt einelti* er þegar eigum þolanda er stolið eða þær skemmdar. *Andlegt einelti* er þegar verið er að þvinga þolanda til að gera ýmislegt sem að fer gegn sjálfsvirðingu og réttlætiskennd hans, til dæmis að girða niður um þolanda eða hanna látinn skemma eigur annarra. *Líkamlegt einelti* er þegar gengið er í skrokk þolanda, það er verið að berja, sparka og meiða á annars konar hátt. Líkamlegt einelti er það sem er einfaldast að sjá á þolendum en þrátt fyrir það eru þolendur yfirleitt með skýringar á marblettum og öðru sem tengist ekki eineltinu á neinn hátt. Síðasta birtingarmyndin er *Rafrænt einelti* þar sem einelti fer fram í gegnum netið með skilaboðum, tölvupósti eða á heimasíðum. Í gegnum netið geta gerendur verið nafnleyndir og eru ekki í beinu sambandi við þolanda (Lovísa Arnardóttir, 2013).

Auk þessara sex birtingarmynda sem ég tala um hér að ofan er einnig talað um ákveðin einkenni sem börn sýna sem er talin benda til eineltis. Þessi einkenni er til dæmis: Barn sem á enga vini, fær ekki heimsóknir, vill ekki bjóða öðrum heim til sín, þeim er aldrei

boðið í heimsóknir. Barnið vill ekki fara í skólann né yfirgefa heimili sitt, barnið er lystarlaust, kvíðið, fær oft höfuðverk, magaverk, þau eru vansæl og niðurdregin auk þess að hafa oft slæma drauma. Barnið velur oft krókaleiðir í og frá skóla og áhuginn á skólanum dafnar. Auk þess getur barnið oft verið mikið pirrað og fúlt og tekur það út heima fyrir t.d. á yngri systkinum eða foreldrum. Mikilvægt er að fylgjast með börnum sem sýna þessi einkenni og komast að því hvað veldur því að barnið sýni þessi einkenni, þar sem að þessi einkenni geta verið eineltismál er þörf að ræða við barnið og foreldra til að komast að því hvað veldur þessum einkennum (Sóley D. Davíðsdóttir, 2004).

3.6 Einelti í leikskólum

Í samfélaginu í dag er meira en áður talað um að eineltishegðun hefjist á leikskólaaldri. Því mikilvægt að auka skilning á því hvernig einelti birtist í leikskólum og leitast við að koma í veg fyrir það og skapa samheldni í barnahópnum og fylgja henni eftir í gegnum alla skólagönguna., Því fyrr sem er byrjað að styðja við samheldni í barnahópnum því meiri líkur eru á að einelti nái ekki að þróast innan hópsins (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014)

Í bókinni Mobbing í barnehagen þar sem Mai Brit Helgesen er ritstjóri er talað um að eineltishegðun barna sé tilgreind í þrjá flokka; Óyrt einelti, óbeint eða beint (Helgesen, 2021). Í fyrsta lagi, er talað um beint einelti á þessum aldri þegar börn ýta, sparka, berja, klípa, bíta, henda hlutum í aðra, skemma leik annarra t.d. ef að þau fá ekki að vera með í leiknum eða fá ekki leikfangið sem þau vildu. Auk þess getur það komið fram í hótunum um að skemma eða meiða ef þau fá ekki sínu framgengt. Í öðru lagi, er talað um Óbeint einelti sem félagslega útilokun, t.d. þegar börn nota duldar yfirlýsingar á borð við Allir sem eiga nestisbox með Hello Kitty mega vera með í leiknum“; hæðast að öðrum börnum með að segja óþægilega hluti sem er móðgandi fyrir þau og nota hótanir líkt og „þú mátt ekki koma í afmælið mitt nema ég fæ bílinn eða dúkkuna.“ Í þriðja lagi, er óyrt einelti það þegar börn hunsa, sýna svipbrigði eða líkamlega hegðun sem gefur til kynna að barnið sé ekki velkomið. Þá getur það einnig birst í því þegar börn slúðra og dreifa slúðri um önnur börn sem er samkvæmt rannsóknum eitthvað sem börn hafa tök á og skilja (Helgesen, 2021)

Rannsóknir sýna að óyrt einelti sé algengara en bæði óbeint og beint einelti og sést þar enginn munur á kynjunum. Aftur á móti sýna rannsóknir að strákar séu líklegri til að sýna beint einelti á meðan óbeint einelti sé algengara meðal stúlkna (Helgesen, 2021).

Mikilvægt er fyrir leikskólastarfsfólk að horfa á ástæður hegðunar og passa að horfa ekki framhjá hlédrægari eða ögrandi hegðun þar sem þetta eru börnin sem þarfnast hjálpar til að tilheyra hópnum. Börn sem eru hlédræg eru líklegri til að segja ekki frá einelti og draga sig enn meira inn í eigin skel á meðan börn sem sýna ögrandi hegðun geta gert öðrum eitthvað sem getur valdið því að þau verði hrædd eða vilji ekki vera í leik með

þeim (Helgesen, 2021). Hér á eftir verður fjallað um hvað sé hægt að gera til að koma í veg fyrir einelti meðal barna.

4 Forvarnir

Í þessum kafla mun ég fara yfir hvað er átt við með forvarnir og gildi þeirra til þess að sporna við einelti. Einnig mun ég fjalla um þrjá þætti sem eru mikilvægir fyrir börn að læra og mikilvægt fyrir starfsfólk leikskóla að vinna með, þessir þrír þættir eru vinátta, samvinna og barnabækur. Ég mun ræða um þau verkfæri sem starfsfólk getur nýtt sér til þess að vinna að forvörnum í leikskólum auk þess að koma inn á hlutverk fullorðinna til að aðstoða börn sem þurfa á því að halda og eru þar af leiðandi að vinna að forvörnum gegn einelti.

Til þess að koma í veg fyrir að eineltis hegðun myndist eða verði verri með tímanum er talað um forvarnir gegn einelti. Forvarnir eru skref gerð til að koma í veg fyrir að eineltishegðun fái að njóta sín, en það er hægt að gera margt til að koma í veg fyrir einelti á grunnskólastigi en ein leið til þess er að byrja að vinna með forvarnir strax í leikskólum (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014).

Fræðimenn telja að einelti sé félagslegt vandamál sem tengist menningu og anda í barnahópnum og er ekki eingöngu vandamál þeirra sem koma beint að eineltinu, þolenda og geranda, heldur er þetta vandamál sem tengist hópnum í heild (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014). Rannsóknir sýna að í 80% eineltistilfella eru áhorfendur til staðar sem sýnir að í flestum tilfellum er einhver sem er vitni af eineltinu. Það skiptir miklu máli að ná vel til áhorfenda þar sem þeir hafa mikið vald bæði til að viðhalda eineltinu og til að stöðva það. Ef áhorfendur aðhafast ekkert þá nær eineltið að viðhaldast en ef einn þeirra eða fleiri stöðva gerandann þá eru líkur til þess að eineltið hætti (Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir, 2017)

Það getur skipt sköpum fyrir barn að mynda góð tengsl við jafningja og eignast vini á meðan það er í leikskóla. Ef barn á traustan og góðan vin er líklegra að það eigi auðveldara með að takast á við aðkast sem það gæti orðið fyrir. Börn í leikskólum eru í öruggu umhverfi og því kjörið að byrja að vinna með einelti þar sem hópurinn er náinn, í litlum einingum auk þess sem foreldratengsl í leikskólum eru oft sterkari en á öðrum skólastigum“ (Íris Ingþórsdóttir, 2008).

4.1 Hlutverk fullorðinna í forvörnum

Leikskólakennari getur gert ýmislegt sem talið er gagnlegt til þess að koma í veg fyrir einelti. Til dæmis getur hann gert athuganir á samskiptum, skoðað félagstengsl í barnahópnum t.d. með því að skoða hvort öll börn eiga vini innan barnahópsins, hvort þau talivið aðra jafnaldra og hvernig þeirra er innan barnahópsins (Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir, 2017).

Leikskólastarfsfólk þarf að geta gert greinarmun á því hvaða hegðun á sér stað á meðal barnanna og í hvaða aðstæðum og þarf að geta greint hvort barnið þarfnast aðstoðar eða ekki til að komast úr aðstæðunum eða að komast inn í leikinn hjá öðrum börnum. Börn þurfa að vita að starfsfólkinu er treystandi og að þau styðji við þau ef þess er þörf. Mai B. Helgesen (2021) komst að því í rannsóknum sínum að börn sem treysta minna á starfsfólk í leikskólanum eru líklegri til að segja ekki frá einelti sem á sér þar stað (Helgesen, 2021).

Starfsfólk leikskóla þarf reglulega að fara yfir eigin samskipti við börnin þar sem sum þeirra geta tekið meiri athygli og krefjast meira af kennurum en önnur börn. Þau sem ekki krefjast mikils af starfsfólki geta þá „týnst“ í daglegu amstri. Mikilvægt er að aðstoða öll börn við vera virkir þátttakendur í barnahópnum svo þau upplifi sjálf að þau eru mikilvæg og tilheyri samfélagi leikskólans (Helgesen, 2021; Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2021). Hér fyrir neðan er einmitt góð tilvitnun sem skýrir vel hvert hlutverk fullorðinna er í vinnu með börnum og á þetta að sjálfsögðu við leikskólakennara og annað starfsfólk leikskóla líka. Tilvitnunin hljóðar svona: „Fullorðnir eru leiðsögumenn sem þurfa að ganga á undan með góðu fordæmi, sýna, leiðbeina og leiða“ (Helgesen, 2021, bls. 118).

4.2 Vinátta leikskólabarna

Allir þurfa á vini að halda og á það einnig við um börn. Í gegnum vináttu læra börn félagslega færni á borð við að deila, samvinnu, mynda samkennd með öðrum og læra að setja sig í spor annarra, sjá hluti frá ólíkum sjónarhornum, læra að taka tillit til skoðana og tilfinninga annarra. Í gegnum vináttu upplifa börn að þau tilheyri hópnum sem veitir þeim meira sjálfstraust og öryggi (Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir, 2017; Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014).

Eins og fram hefur komið er mikilvægt að öll börn upplifi vináttu. Rannsóknir sýna að börn sem mynda ekki vinatengsl upplifa frekar að þeim sé hafnað og geta því einangrast og orðið þunglynd sem getur endað með því að þau liðast út úr skólakerfinu (Howes, 2009; Webster-Stratton, 1999; Webster-Stratton, og Reid, 2004; Frost, o.fl., 2012).

Sum börn eru í meiri hættu en önnur börn á að verða fyrir langvarandi einelti. Þeir sem eiga ekki vini í skólanum, eru oft einir og eiga erfiðara með að verja sig gegn áreiti, eru líklegri en aðrir til að verða lagðir í einelti (Sharp, og Smith, 2000). Það að eiga einungis einn góðan vin getur verið óáreiðanlegt. Það getur til dæmis verið erfitt ef vinurinn/vinkonan flytur eða er veik(ur) einn daginn. Í gegnum vináttuna læra börn að takast á við vonbrigði þegar eitthvað bjátar á í venskapnum auk þess að læra að sættast aftur. Það er mikilvægt að læra að þó að eitthvað kemur upp á í venskapnum þá er hægt að laga það og sættast á ný (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 1996).

Börn tengja oft vináttu við leik, segja vini vera þá sem leika sér saman og nota orðið vinur bæði til að fá önnur börn með sér í leik og til að útiloka þau úr leik (Corsaro, 2003). Vinir eru þeir sem þau vilja leika við hverju sinni og ef þau vilja ekki leika við tiltekið barn á ákveðnum tímapunkti er það ekki vinur þeirra. Þótt leikskólabörn séu ung eru vinir þó ekki aðeins leikfélagar. Rannsóknir benda til þess að börn geti myndað traust, nán, langvarandi vináttubönd þar sem þau deila tilfinningum sínum, hugmyndum og áhyggjum með vinum sínum og sýna þeim jafnframt væntumþykju (Howes, 2009).

Sum börn eiga erfitt með að mynda tengsl við önnur börn og þar af leiðandi eru í erfiðleikum með að eignast vini. Þessi börn eiga oft erfiðara með að vera lengi í leik, hafa slakari leikfærni, eiga erfitt með að bíða, hlusta á aðra og þau skipa frekar en að biðja (Webster-Stratton, 1999).

4.2.1 Vináttu – Forvarnarverkefni

Vináttu – verkefnið „Fri for mobberi“ var þróað af Mary Fonden og Red barnet – save the children í Danmörku og var tekið í notkun í Danmörku árið 2007 og hefur verið notað víðar um heim síðan meðal annars á Íslandi (Barnaheill, 2015). Hugmyndafræðin með verkefninu er að vinna með barnahópin og foreldra þeirra í heild og þar af leiðandi að ná til þeirra sem verða vitni af einelti og hvetja þau til að bregðast við því. Vinnan er gerð með því að skapa góðan skólabrag ásamt því að kenna góð samskipti og jákvæð viðhorf til allra.

Unnið er með hvern aldurshóp með efni sem geymt er í þremur töskum. Fyrsta taskan er gul á litinn og er ætluð frá 0-3 ára, næsta taska er græn og er ætluð fyrir 3- 6 ára og síðasta taskan er blá og ætluð fyrir 1.- 4. bekk grunnskóla (Barnaheill, e.d.). Þrátt fyrir að töskurnar séu mismunandi á litinn er innihaldið það sama að vissu marki. Í hverri tösku er stór Blær bangsi, litlir Blær bangsar, fróðleikshefti með leiðbeiningum, verkefnahefti, veggspjöld/ samræðuspjöld, sögubók, tónlist, útivistarbók með leikjum og samvinnuverkefnum.

Bangsinn Blær fékk nafnið Blær á íslensku þar sem nafnið er bæði kvenkyns og karlkyns en þannig geta börnin ráðið því sjálf hvers kyns bangsinn er. Samræðuspjöldin eru mismunandi eftir töskum og eru þau ætluð fyrir börn, foreldra og starfsfólk leikskólans. Sögubækurnar eru mismunandi eftir töskum og getu barnanna til að taka þátt í samræðum um sögurnar. Í töskunum sem ætlaðar eru fyrir börn á aldrinum 3-6 ára og 1.- 4. bekkjar eru klípusögur sem ætlað er fyrir foreldra og starfsfólk, hægt er að taka fyrir eitt spjald á t.d. kennarafundi eða foreldrafundi og þar er rætt um hvað er á spjaldinu. Klípusagan er lesin upphátt fyrir alla í einu og svo er annaðhvort beðið fólk að tala um þetta sín á milli eða allir segja frá hvernig þeir myndu leysa vandamálið sem kemur fram í sögunni.

Vináttu- verkefnið byggist á fjórum grunngildum þ.e. umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki. Umburðarlyndi snýst um að skilja hversu mikilvægur fjölbreytileikinn er, virðing tengist því að taka tillit til allra óháð mismunandi háttarni, umhyggja snýst um að sýna öllum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi og hugrekki fjallar um að þora að láta í sér heyra og setja eigin mörk, vera góður félagi sem bregst við óréttlæti. Þessi fjögur gildi eru leiðarljós í öllu efni sem fylgir vináttu- verkefninu (Barnaheill, 2015).

Í vinnu með börnum fer verkefnið mikið fram í samræðum við þau um ýmislegar aðstæður sem geta komið upp í umhverfi þeirra t.d. eins og ef einhver litur á myndina þeirra, barn er bitið eða aðstæður sem komið geta upp úti. Með öllum samræðum fylgir samræðuspjald sem er með mynd að framan og samræðupunktum að aftan. Í verkefninu er talað um vináttu en ekki einelti og fá börnin til að mynda góða heild með vináttu, umhyggju, hugrekki og virðingu. Í gegnum verkefnið öðlast börn meiri samúð og hæfileika á að setja sig í spor annarra. Þessi hæfni er ekki meðfædd hjá öllum og er því mikilvægt að finna leiðir til að aðstoða börn til að verða bestu útgáfur af sjálfum sér auk þess að mynda góða samheild innan hópsins (Barnaheill, 2015). Vináttu-verkefnið hefur því þótt ákjósanleg leið til að stuðla að vináttu í barnahópnum en auk þess að hafa samvinnuleikir verið nýttir til þess.

4.3 Samvinnuleikir

Samvinnuleikir eru leikir þar sem börn/ fullorðnir þurfa að vinna saman til að ná sameiginlegu markmiði. Samvinnuleikir eru til að draga úr samkeppni milli einstaklinga þar sem allir þurfa að vinna saman til að ná að „vinna“ leikinn auk þess að í samvinnuleikjum er verið að auka félagslega þáttinn með þáttöku í leikjunum (Tech target contributor, 2019).

Börn læra í gegnum leik og geta samvinnuleikir því verið mikilvægir að nýta í leikskólastarfi. Í slíkum leikjum læra börn samvinnu og þeir geta stuðlað að vellíðan barna og auðgað vitsmunabroska þeirra. Samvinnuleikir geta auk þess haft áhrif á fjölbreytta færni, t.d. félags- og tilfinningafærni, sem börn þurfa til að ná betri tókum á umheiminum (Hinitz o.fl. 1994).

Samvinnuleikir geta eflt samskiptahæfni barna sem eru með einhverfu eða barna sem draga sig til hlés, vegna þess að í samvinnuleikjum eru allir með sem stuðlar að tilfinningunni að tilheyra hópnum. Tilfinningin að tilheyra skilar góðum árangri vegna þess að börn sem upplifa að þau tilheyra líður betur og námsárangur þeirra verður betri. Í samvinnuleikjum er ekki verið að metast á milli barna og gefur það þeim því hlé frá samkeppni vegna þess að í samvinnu eru allir að skemmta sér saman og að vinna saman að ákveðnu markmiði til að klára leikinn (Hinitz o.fl. 1994).

Samvinnuleikir geta byggt upp jákvætt félagslegt loftslag, heilbrigð sambönd, virðingu, þakklæti, sanngirni, samkennd, umhyggju og að börn þrói með sér þann hæfileika að leysa vandamál bæði ein og með hjálp frá öðrum. Í gegnum samvinnuleiki læra börn að skiptast á og æfa sig í að vera kurteis með því að vinna saman, allir eru að vinna að sameiginlegu markmiði í leiknum og er ekki hægt að vinna leikinn nema að vinna saman. Þessi hæfni getur reynst erfið börnum til að byrja með en því oftast sem farið er í samvinnuleiki þá verða þau betri. Samvinnuleikir geta stuðlað að samheldni og betri sjálfsmynd hópsins (Leons, 2018).

Þar sem að samvinnuleikir skipta máli til að halda samheldni í hópnum þarf að vita hvert hægt er að leita til þess að finna slíka leiki. Margir góðir hópstyrkingarleiki er hægt að finna á leikjavefnum (Ingvar Sigurgeirsson, e.d.) einnig er hægt að skoða vef skátanna (Bandalag Íslenskra skáta, 2015) þar sem þau vinna mikið með hópeflisleiki. Auk þess er hægt að finna skemmtilega leiki í bókinni Leikgleði (Sabína S. Halldórsdóttir, 2016)

Hér að neðan koma þrjár hugmyndir af leikjum frá Reykjavíkurborg (e.d):

4.3.1 Fallhlífín

Börnin eru með stóra fallhlíf og halda hvert í sitt handfang. Bolti er látinn rúlla á milli barnanna með því að lyfta eða hrista fallhlífina. Börnin þurfa að vinna saman til að passa að boltinn detti ekki út af fallhlífinni.

4.3.2 Fallhlífasöngur

Börnin halda hvert í sitt handfang á fallhlífinni og síðan er talið á íslensku eða öðrum tungumálum sem talað er í hópnum, gott er að telja bæði áfram og afturábak. Síðan lyfta allir í sameiningu fallhlífinni og allir setjast undir hana og syngja eitt lag saman.

4.3.3 Húsaleikur/ Bátaleikur

Hvert barn fær hring, dýnu eða sippuband sem á að vera húsið eða báturinn þeirra. Hvert barn byrjar inn í sínu húsi/bát en þegar tónlist fer af stað þurfa þau að fara úr húsinu/bátinum sínu til að dansa og hreyfa sig. Á meðan að tónlistin er í gangi er eitt hús fjarlæggt og síðan tónlistin stoppuð. Þegar tónlistin stoppar þarf einhver að bjóða barninu sem missti sitt hús/bát í þeirra hús/bát. Leikurinn er endurtekinn þangað til öll börnin eru í sama húsinu/bátinum.

Samvinna er mikilvæg fyrir félagslega hæfni og þar af leiðandi mikilvægt fyrir börn að læra að vinna saman strax í upphafi, með því er verið að styrkja hópinn í heild og mynda vinasambönd milli einstaklinga sem eru í hættu á að einangrast frá hópnum, líkt og börn sem draga sig til hlés, hafa fatlanir eða börn með einhverfu (Leons, 2018; Bay-Hinitz, o.fl., 1994).

Sýnt hefur verið fram á að samvinnuleikir geti eftt félagsleg tengsl barna og að þau upplifi sig sem hluta af hópnum. Barnabækur hafa líka verið notaðar í sama tilgangi.

4.4 Barnabækur

Það getur verið gott að nýta barnabækur í starfi með börnum þar sem þær geta gefið börnum góð tækifæri til að tengja viðfangsefni bókarinnar við veruleikann og vinna þannig í gegnum hin ýmislegu mál sem koma upp í þeirra lífi, t.d. eins og stríðni, hunsun eða slagsmál (Morrow, og Gambrell, 2004). Barnabækur geta sýnt börnum ýmsar tilfinningar sem þau geta lært að tilfinningar sé hjá öllum og að hægt sé að læra inn á þær. Sögupersónur í bókinni sýna börnum hvernig á að takast á við tilfinningar sínar með mismunandi leiðum auk þess að geta stutt við börn í erfiðum aðstæðum sem þau skilja ekki endilega sjálf t.d. dauðsföll, skilnaður foreldra eða veikindi (Morrow, og Gambrell, 2004). Auk þess sem að börn geta lært á eigin tilfinningar þá læra þau einnig að setja sig í spor annarra sem er mikilvægt vegna þess að með því að setja sig í spor annarra geta þau betur skilið hvernig öðrum líður með t.d. að vera strítt eða verið er að meiða.

Með lestri barnabóka geta börn lært að allir eru mismunandi og að það er það sem gerir heiminn betri og gerir þau umhyggjusamari og þau bera meiri virðingu gagnvart börnum sem t.d. koma frá öðrum löndum eða börn með fatlanir. Það er samt ekki bara nóg að lesa sögurnar til að þær nýtist sem best til að ýta undir tilfinningaþroska barnanna heldur þarf að ræða söguna. Gott er að spyrja börnin reglulega í gegnum söguna hvað er að gerast, er það gott/slæmt, hvað er hægt að gera öðruvísi, hvernig líður sögupersónunum og hvernig væri mögulega hægt að aðstoða sögupersónuna (Anna Þ. Ingólfssdóttir, 2006).

Hér að neðan er listi yfir bækur sem hægt er að nýta til umræðu með börnum, þar sem þessar bækur tengjast því að vera skilin út undan, stríðni eða annars slags einelti sem börn geta tengt við. Auk þessara bóka er bók sem fylgir Vináttu verkefni Barnaheilla og bókalisti sem er einnig í heftinu fróðleikur og leiðbeiningar sem fylgir sama verkefni, eitthvað af þessum lista hér fyrir neðan er einnig á þeim lista:

Valli á enga vini eftir Arnheiði Borg (Arnheiður Borg, 1994).

Nóra eftir Birtu Þrastardóttur (Birta Þrastardóttir, 2020)

Má ég vera memm? eftir Hörpu Lúthersdóttur (Harpa Lúthersdóttir, 2003)

Birta brött og bleik eftir Belindu Theriault (Theriault, 2010)

Skrímslin í Hraunlandi: saga um vináttu eftir Ölmu Björk Ástþórsdóttur og Eyrúnu Ósk Jónsdóttur (Alma B. Ástþórsdóttir og Eyrún Ó. Jónsdóttir, 2017)

Láttu mig í friði eftir Kes Grey og Lee Wildish (Grey, og Wildish, 2011)

5 Umræður

Hér mun ég fara yfir það sem heimildaleit mín leiddi í ljós auk þess að svara rannsóknarspurningunni minni sem hljóðaði á þennan hátt: Hvernig geta leikskólakennarar stutt leikskólabörn svo þau upplifi að þau tilheyri samfélagi leikskólans?

Einelti meðal leikskólabarna hefur fengið betri umfjöllun með tímanum og er það nú orðið ljóst að eineltishegðun barna geti byrjað um tveggja og hálfis árs aldur. Slík hegðun á sér stað á leikskóla og því er mikilvægt fyrir kennara að fylgjast vel með barnahópnum til að koma í veg fyrir að slík hegðun fái að dafna innan leikskólans (Helgesen, 2021). Sem starfsmaður í leikskóla hef ég orðið vör við það að börn notast við reglur kennara til að útiloka sum börn frá leiknum líkt og kom fram í rannsókn Söru M. Ólafsdóttur o.fl. (2017) auk þess að börn notast mikið við setninguna „þú mátt koma í afmælið mitt ef ég fæ bílinn/dúkkuna“ og því er mikilvægt að grípa inn í og ræða við börnin um hvað þau eru að gera og af hverju það er mikilvægt að sýna umburðarlyndi og vináttu við öll börnin í leikskólanum líkt og fram hefur komið í öðrum rannsóknum (Helgesen, 2021).

Börn eru félagsverur og þurfa kennarar því að fylgjast vel með börnum sem eru ein og velta fyrir sér afhverju það sé. Getur verið sérstök ástæða fyrir því að barnið sé mikið eitt í leik eða sé ekki að leitast eftir að vera að leika við aðra, börn sem eru í félagslegum erfiðleikum eða lenda upp á móti jafnöldrum gætu verið í hættu að lenda ein í leik (Corsaro, 2003). Kennarar eru lykilfólkið innan leikskólans til að fylgjast með öllum börnum og passa að engin börn séu utan hópsins. Sum börn eiga í erfiðleikum félagslega og geta því ekki auðveldlega komist inn í leik með öðrum börnum og jafnvel útiloka hin börnin frá leiknum (Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Börn sem eru af erlendum uppruna, eru hlédræg eða með raskanir t.d. einhverfu falla undir þennan hóp og þurfa því kennarar að fylgjast vel með þeim til að geta aðstoðað þau í leik með öðrum og að þau eignist vini innan hópsins. Það er mikilvægt fyrir þessi börn að komast inn í hópinn þar sem að þessi börn eru meira gjörn á að verða fyrir höfnun frá jafnöldrum eða að verða fyrir einelti.

Svarið við spurningunni er nú að nokkru leiti einfalt: Leikskólakennarar geta stutt leikskólabörn þannig að þau upplifi það að tilheyra með því að vinna með börnunum öllum sem heild (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014). Það er gert með vináttu, samvinnu og umræðum í gegnum barnabækur eða spurningar sem vakna meðal barnanna sjálfra. Með því að vinna með barnahópinum í heild er verið að vinna með öllum, það er enginn sem er útundan og enginn sem situr á hliðarlínunni og fylgist með. Það getur reynst erfitt að byrja að vinna með börnum í tengslum við einelti og er þá gott að hafa góð verkfæri við hendina til að grípa í. Vináttu verkefni Barnaheilla er góður kostur til að grípa til þar sem hægt er að velja fyrir fram ákveðið umræðuspjald með mynd eða að taka fyrir umræðuspjald sem var jafnvel að gerast.

Með því er strax verið að fara yfir atvik sem kom upp milli barna í hópnum og er þá gott að fara strax yfir það með öllum hópnum en ekki einungis ákveðnum börnum (Barnaheill, 2015).

Leikskólakennarar geta notast við umræður við börnin sjálf um vini og vináttu, boðið börnunum að teikna myndir af þeirra vinum í leikskólanum, rætt við börn um líðan og hvernig þeim sjálfum líður. Barnabækur er góð leið til að opna umræðum um ýmisleg mál líkt og stríðni, vini og hvað er hægt að gera í aðstæðum þar sem einhver er að stríða öðrum (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014).

Leikskólakennarar geta gert svokallaða tengslakönnun þar sem farið er yfir barnahópin og hvernig tengsl börnin mynda við bæði við önnur börn og fullorðna í leikskólanum. Auk þess þurfa kennarar að vinna með foreldrum barnanna til að mynda tengsl við þá líka. Börn geta rætt vini, stríðni og annað við foreldra sína sem þau ræða ekki við kennara og öfugt. Tengslakannanir er góð leið til að staðsetja börnin félagslega til þess að sjá hvort að einhver börn séu týnd innan hópsins og finna síðan leiðir til að koma þeim inn í hópinn (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014).

6 Lokaorð

Einelti er mjög alvarlegt mál og getur haft í för með sér alvarlegar afleiðingar sem fylgja þolendum, gerendum og áhorfendum alla æfi. Vegna þess tel ég að umræðan um forvarnir innan leikskóla ætti að vera til frekari umræðu þar sem að eineltis hegðun getur byrjað þar.

Í gegnum námið mitt hefur mér fundist vanta að tala meira um hvaða verkfæri er hægt að nýta og hvernig er hægt að virkja allt starfsfólk leikskólans í slíka vinnu með börnum. Oft er lögð áhersla á að einungis leikskólakennarar vinni með þetta viðfangsefni með börnunum en þeir eru oft minnihluti starfsfólks í leikskólum. Því mætti vera betri fræðsla og/ eða betri leiðbeiningar um starf leiðbeinenda leikskóla. Þegar ég hóf störf í leikskóla var ekki talað um hvað ég ætti að gera með börnunum eða hvernig ég gæti leitað mér upplýsinga um það. Allt og oft er leiðbeinendum hent í „djúpu laugina“ þar sem er ætlast til að þeir viti hvað þeir eigi að gera sem er ekki raunin. Það væri kostur ef allir leiðbeinendur fengju tíma til að skoða greinar eða ritgerðir frá leikskólakennurum til að sjá hvernig þeir geti gert betur og hvernig er hægt að vinna með börnum svo þau fái sem mest út úr náminu í leikskólanum.

Það sem ég hef fundið með þessari heimildaleit minni og það sem getur nýst öðrum er hvaða birtingarmyndir börn á leikskólaaldri sýna í tengslum við eineltishegðun og hvað er til staðar svo hægt sé að vinna með börnunum til að skapa góða samheild í hópnum svo að hópurinn sýnir vináttu, samkennd og umburðarlyndi.

Einnig hef ég komist að því hve mikilvægt er fyrir starfsfólk leikskóla að fylgjast vel með börnunum og hversu mikilvægt það er að vita hvenær þarf að stíga inn í aðstæður og hvenær þarf að leyfa börnunum að komast í gegnum samskiptin sjálf. Auk þess hve mikilvægar bækur geta verið til að skapa umræður, börn geta átt auðveldara með að setja sig í spor sögupersónu heldur en aðstæðna sem koma getið upp milli þeirra sjálfra. Í gegnum bækur geta þau tengt við raunveruleikann og séð betur hvað er hægt að gera eða breyta í aðstæðum sem koma upp.

Heimildaskrá

- Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda V. Valdimarsdóttir. (2017). *Fristundir og fagmennska: Rit um málefni frítímans*. Reykjavík, Ísland. Sótt frá https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/15321/fristundir_og_fagmennska_utgafa.pdf?sequence=1
- Alma B. Ástþórsdóttir og Eyrún Ó. Jónsdóttir. (2017). *Skrímclin í Hraunlandi; Saga um vináttu*. Lettland: Monstri ehf.
- Anna Þ. Ingólfssdóttir. (2006). Bók í hönd - Um barnabækur í leikskólasterfi. (A. Þ. Ingólfssdóttir, K. J. Jónsson, & V. G. Óskarsson, Ritstj.) *Hrafnaping 3. árgangur*, 33-46.
- Arnheiður Borg. (1994). *Valli á enga vini*. Reykjavík: Mál og menning.
- Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. Olweus(1996). *Barnasálfræði frá fæðingu til unglingsára*. Reykjavík: Mál og menning.
- Bandalag Íslenskra skáta. (2015). *Leikir*. Sótt af <http://skatamal.is/dagskrarvefur/leikir>
- Barnaheill. (án dags.). *Barnaheill - um vináttu*. (Margrét J. Rafnsdóttir, Ritstjóri) Sótt frá Barnaheill - forvarnir: <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta/um-vinattu>
- Barnaheill. (2015). *Vináttu - fri for mobberi: Fróðleikur og leiðbeiningar um notkun fyrir starfsfólk leikskóla (2 útg.)*. (Margrét J. Rafnsdóttir, Ritstj.) Reykjavík: Barnaheill.
- Bay-Hinitz, A. K., Peterson, R. F., og Quilitch, H. R. (1994). Cooperative games: A way to modify aggressive and cooperative behavior in young children. *Journal of Applied Behavior Analysis*, 27(3), 435-446. doi: <https://doi.org/10.1901/jaba.1994.27-435>
- Birta Prastardóttir. (2020). *Nóra*. Eistland: Angústúra.
- Carsaro, W. A. (2003). *We are friends right? Inside kid's culture*. Washington: Joseph Henry Press. Sótt af: file:///C:/Users/arndi/Downloads/Corsaro-We%20are%20friends%20right%20(1).pdf
- Fanger, S. M., Frankel, L. A., og Hazen, N. (Apríl 2012). Peer exclusion in preschool children's play: Naturalistic observation in playground setting. *Merill-Palmer Quarterly*, 58(2), 224-254. Sótt frá <https://www.proquest.com/docview/1009905633?pq-origsite=primo>
- Frost, J. L., Wortham, S. C., og Reifel, S. (2012). *Play and child development (B. 4. útg.)*. New Jersey: Pearson education.

- Grey, K., og Wildish, L. (2011). *Láttu mig í friði*. (M. Gunnarsdóttir, Þýð.) Reykjavík: Bókafélagið Uglya.
- Guðrún Kristinsdóttir og Nanna K. Christiansen. (2014). *Ofbeldi gegn börnum: hlutverk skóla*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Harpa Lúthersdóttir. (2003). *Má ég vera memm?* Reykjavík: Höfundur.
- Helgesen, M. B. (2021). *Mobbing i barnehagen: et sosialt fenomen*. Oslo: Universitetsforlaget. Sótt frá <https://app.allvit.no/details/9788215055237>
- Howes, C. (2009). Friendships in early childhood. Í K. H. Rubin, W. M. Bukowski og B. Laursen (ritstjórar), *Handbook of Peer interactions, relationships, and groups* (bls. 180-192). New York: The Guilford Press.
- Ingvar Sigurgeirsson. (e.d.). Leikjavefurinn. Sótt af: <https://leikjavefurinn.is/flokkar/hopleikir/hopstyrkingarleikir/>
- Íris Ingbórsdóttir. (2008). Olweus í leikskólanum. Ísland. Sótt frá <http://www.regnbogaborn.is/greinasafn.asp?Year=2008&Month=10&leitarord>
- Karlsudd, P. (5. Mars 2021). Promoting Diversity and Belonging: Preschool Staff's Perspective on Inclusive Factors in the Swedish Preschool. *Education Sciences*, 104. doi:<https://doi.org/10.3390/educsci11030104>
- Leons, S. (9. Ágúst 2018). Benefits of cooperative games for young children. Sótt frá <https://cooperativegames.com/benefits-of-cooperative-games-for-young-children/>
- Lovísa Arnardóttir. (2013). *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir*. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi ehf. Sótt frá https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef_rettindi_barna_ofbeldi_og_forvarnir_0.pdf
- Morrow, L., og Gambrell, L. (2004). *Using children's literature in preschool - Comprehending and enjoying books*. Newark: International Reading Association, Inc.
- Olweus, D. (1993). *Bullying in school: what we know and what we can do*. Bandaríkin: Blackwell Publishing.

- Olweus-gruppen mot mobbing. (2010). *Brief information about Dan Olweus*. Noregur: Olweus-gruppen mot mobbing. Sótt frá <https://www.cpe.vt.edu/prevent/OlweusBioInfo.pdf>
- Osterman, K. F. (2000). Students' Need for Belonging in the School. *Review of Educational Research*, 70(3), 323-367. doi:<https://doi.org/10.3102/00346543070003323>
- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Samvinnuleikir*. Reykjavík: Reykjavíkurborg. Sótt af: <https://reykjavik.is/sites/default/files/samvinnuleikir.pdf>
- Sabína S. Halldórsdóttir. (2016). *Leikgleði - 50 leikir*. Kópavogur: Menntamálastofnun. Sótt af: <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/leikgleði/2/#zoom=z>
- Sara M. Ólafsdóttir, Danby, S., Jóhanna Einarsdóttir og Theobald, M. (2017). "You need to own cats to be a part of the play" Icelandic preschool children challenge adult-initiated rules in play. *European Early Childhood Education Research Journal*, 25(6), 824-837. doi:<https://doi.org/10.1080/1350293X.2017.1380880>
- Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2021). Peer culture in an Icelandic preschool and the engagement of children with diverse cultural backgrounds. *International Journal of Early Childhood*, 53, 49-64. doi:<https://doi.org/10.1007/s13158-021-00283-x>
- Sharp, S., og Smith, P. K. (2000). *Gegn einelti: handbók fyrir skóla*. (Ingibjörg Markúsdóttir, þýð.) Reykjavík: Æskan.
- Sóley D. Davíðsdóttir. (2004). *Einelti: Hvað er einelti*. Reykjavík, Ísland. Sótt frá <http://www.persona.is/index.php?template=print&action=articles&method=display&id=67&pid=23>
- Tech target contributor. (2009). *Cooperative games*. Sótt af <https://whatis.techtarget.com/definition/cooperative-games>
- Therault, B. (2010). *Birta: brött og bleik*. Reykjavík: Bókafélagið.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2014). *Allir vinir: forvarnir gegn einelti*. Reykjavík, Ísland. Sótt frá https://reykjavik.is/sites/default/files/allirvinir_uppsetning_ghj.pdf
- Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir. (2017). *Handbók um einelti og vináttufærni: Forvarnir og viðbrögð*. Reykjavík, Ísland. Sótt frá

https://www.heimilogskoli.is/wp-content/uploads/2017/11/HS_einelti_handbo%CC%81k_net.pdf

Webster-Stratton, C. (1999). *How Promote Children's Social and Emotional Competence*. London: Sage Publications.

Webster-Stratton, C. og Reid, M. J. (2004). Strengthening Social and Emotional Competence in Young Children – The Foundation for Early School Readiness and success: Incredible years classroom social skills and problem-solving curriculum. *Infants and Young Children*, 17(2), 96-113.

Þorlákur H. Helgason. (2013). *Dan Olweus, Einelti meðal barna og unglina: Ráðleggingar til foreldra*. Sótt frá <https://olweus.is/wp-content/uploads/2013/11/Einelti.pdf>